

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 455
Millifiskur nr. 1	— 428
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 364
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 337

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök:

15/20 FF	kr. 448
15/20 AB	— 389
21/25 FF	— 435
21/25 AB	— 377
26/30 FF	— 423
26/30 AB	— 364
31/35 FF	— 410
31/35 AB	— 351
36/40 FF	— 397
36/40 AB	— 338

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. nóvember 1977.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.